

REGLUGERÐ

um starfrækslu jarðstöðva fyrir móttöku sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um starfrækslu jarðstöðva til móttöku sjónvarpsefnis, sem flutt er um fjarskiptatungl. Jarðstöð merkir hér hvers konar búnað, sem notaður er til að koma á fjarskiptasambandi um gervitungl.

Reglugerð þessi tekur þó ekki til sendinga frá sjónvarpsgervitunglum sem gagnert eru ætlaðar til að dreifa dagskrá beint til notenda.

2. gr.

Ráðherra gefur út leyfi til einstaklinga til að starfrækja jarðstöðvar til móttöku sjónvarpsefnis fyrir eigin not.

Ráðherra gefur einnig út starfræksluleyfi til aðila, sem dreifa móttöknu sjónvarpsefni innanhúss, þó ekki í atvinnuskyni.

Starfræksluleyfin skulu bundin því skilyrði að umsækjandi hafi aflað sér heimildar réttihafa hinnar tilteknu sjónvarpsrásar um afnot hennar. Leyfi verður einungis veitt að fengnu samþykki eigenda fjarskiptatunglsins og viðurkenningu á því að móttökubúnaðurinn sé í samræmi við setta staðla.

Leyfi samkvæmt þessari grein skulu gilda í 2 ár.

Áður en tekin er afstaða til umsókna um leyfi samkvæmt 1. og 2. mgr. skal leita umsagnar Póst- og símamálastofnunar um erindin.

3. gr.

Seljendur móttökubúnaðar skulu fullvissa sig um að kaupendur og notendur búnaðarins hafi aflað tilskilinna leyfa samkvæmt 2. gr., áður en hann er afhentur.

4. gr.

Umsóknir um leyfi skulu sendar samgönguráðuneytinu.

Umsókn skal fylgja nákvæm lýsing á þeim búnaði sem verður notaður. Móttökubúnaðurinn skal við það miðaður að hann taki einungis á móti þeim sjónvarpsrásum sem umsækjandi hefur tryggt sér afnotarétt á.

5. gr.

Í þeim tilvikum, sem sjónvarpsefni frá fjarskiptatunglum er dreift áfram til almennings um útvarpsdreifikerfi, hvort sem það kann að vera gert á vegum opinberra stofnana eða einkaaðila á sviði sjónvarpsrekstrar, annast Póst- og símamálastofnun móttöku þess og sendingu ef um hana er að ræða.

Gjöld fyrir starfrækslu viðkomandi jarðstöðvar skulu ákveðin með hliðsjón af kostnaði.

Þegar um er að ræða tímabundna móttöku efnis getur stofnunin heimilað viðkomandi aðila að annast móttökuna sjálfur undir eftirliti.

6. gr.

Þeir sem taka á móti sjónvarpsefni frá fjarskiptatunglum eru ábyrgir fyrir greiðslu á afnotagjöldum, sem eigendur gervitunglanna setja upp fyrir aðgang að sendingum þeirra. Póst- og símamálastofnun sér um innheimtu gjaldanna.

7. gr.

Gjöld fyrir starfræksluleyfi samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar skulu ákveðin með gjaldskrá sem ráðherra setur.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

Ennfremur greiðist Póst- og símamálastofnun eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga um fjarskipti.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 28. maí 1984 um fjarskipti, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Mýrdalshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 23. október s. l., fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Breytingin felur í sér að hluti af auðkenndu verslunarsvæði skv. aðalskipulagi milli Víkurbrautar og Sunnubrautar verður íbúðarsvæði og auk þess að svæði undir opinberar byggingar á horni Ránarbrautar og Víkurbrautar verður að hluta verslunarlóð og að hluta svæði undir opinbera starfsemi.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línal.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1984—2004.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. janúar 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1984—2004 með fyrirvara um skipulag í næsta nágrenni vegamóta Bessastaða- og Álfтанesvegur. Deiliskipulag miðbæjarkjarna